

Miðvikudaginn 22. janúar 1958.

Nr. 44/1956. **Ákærvaldið** (Tómas Jónsson hrl.)

gegn

Maurice Brackx (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu.

Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, hefur gefið álitserð í málinu. Hann hefur markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir varðskipsins Þórs hinn 15. febrúar 1956. Samkvæmt því reyndist staður togara ákærða um 1 sm. fyrir innan fiskveiðimörkin kl. 14.43 og einnig um 1 sm. innan sömu marka kl. 14.47.

Að tilhlutan Hæstaréttar voru í sakadómi Reykjavíkur hinn 16. október 1957 dómkvaddir þeir Sigurður Þorkelsson, yfirverkfræðingur í radiódeild Landssíma Íslands, Sigurður Halldórsson rafmagnsverkfræðingur, Ingólfur Þórðarson, siglingafræðikennari við Stýrimannaskólann í Reykjavík, og Jónas Sigurðsson, siglingafræðikennari við sama skóla, til þess að sannreyna á sem ýtarlegastan og tryggilegastan hátt nákvæmni ratsjáa varðskipsins Þórs, sem eru af Decca og Kelvin-Hughes gerðum og voru settar í varðskipið í lok janúar 1955.

Hinir dómkvöddu menn fóru á varðskipinu Þór út á Faxaflóa og framkvæmdu þar ýmsar mælingar. Mælt var til landmiða á sem flestum fjarlægðum með báðum ratsjám varðskipsins, og voru ratsjarmiðin þannig valin, að þau voru ótvíræð. Samtímis ratsjarmælingunum var skipið staðsett með sextantmælingum, og staðarmælingarnar merktar í sjóuppdrátt. Síðan var gerður samanburður á fjarlægðum til mælistaðanna, annars vegar fundnum með ratsjarmælingum og hins vegar með sextantmælingum og gerðar töflur yfir útkomuna.

Samkvæmt þeim töflum reyndist mesta fjarlægðarskekkja á 10 sm. kvarða Kelvin-Hughes ratsjárinnar + 3% og á 10 sm. kvarða Decca ratsjárinnar + 2%. Samtímis fannst á Kelvin-Hughes ratsjónni frá $-0,3^\circ$ til $+0,7^\circ$ miðunarskekkja í sem næst 9 sm. fjarlægð og á Decca ratsjónni frá $-1,5^\circ$ og til -3° miðunarskekkja í 3 sm. fjarlægð.

Að lokum mörkuðu hinir dómkvöddu menn staðarákvarðanir varðskipsins í máli ákærða í tvo sjóupprætti nr. 30, þar sem gert er ráð fyrir mestu skekkjum, sem fundust við áðurgreindar athuganir, þó þannig, að umræddar hámarkskekkjur voru láttnar koma fram bæði + og \div , þ.e. ákærða bæði í óhag og í vil. Við þessa aðferð koma fram staðarmarghyrningar í uppdráttunum, og innan takmarka þeirra hafa staðir varðskipsins og togara ákærða verið, þá er varðskipið framkvæmdi mælingar sínar. Staður togara ákærða kl. 14.43 er innan marghyrnings E, en sá hluti þess marghyrnings, sem fjærst liggur landi, er um 0,5 sm. fyrir innan fiskveiðimörkin, og sá hluti hans, sem næst er landi, um 1,5 sm. fyrir innan sömu mörk. Staður togarans kl. 14.47 er innan marghyrnings F. Sá hluti þess marghyrnings, sem fjærst liggur landi, er um 0,6 sm. fyrir innan fiskveiðimörkin, og sá hluti hans, sem liggur næst landi, er um 1,6 sm. innan nefndra marka.

Ofangreindar staðarákvarðanir eru gerðar með Kelvin-Hughes ratsjónni, en talið er, að hún hafi verið notuð við staðarákvarðanir þær, sem um er að tefla í máli þessu.

Staðarmarghyrningar samkvæmt Decca ratsjónni eru merktir á sama hátt, sem að ofan greinir. Staðarmarghyrningur E samkvæmt síðastnefndri ratsjá liggur frá um 0,3—0,4 til um 1,7 sm. fyrir innan fiskveiðimörkin, en staðarmarghyrningur F frá um 0,4 til um 1,7 sm. innan sömu marka.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður að telja, að staðarákvarðanir löggæzlumanna veiti örugga sönnun fyrir því, að ákærði hafi verið í landhelgi á nefndum tíma. Sannað er og, að hann var þar að veiðum. Með því hefur hann gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr.

1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

Með skírskotun til þessa og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því að héraðsdómur gekk, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Maurice Brackx, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Tómasar Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds hæstaréttarlögmannna, kr. 10.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. febrúar 1956.

Ár 1956, föstudaginn 17. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Frikirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 368/1956: Ákærvaldið gegn Maurice Brackx, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærði í máli þessu er Maurice Brackx, til heimilis í Frans Musin Straat 56 í Ostende í Belgíu, skipstjóri á togaranum Curie, O 88, frá Ostende. Í ákæruskjali er hann sakaður um brot á fiskveiðilöggjöfinni samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82 1952, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum togara miðvikudaginn 15. þ. m. úti fyrir Ingólfshöfða innan markalínunnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952. Ákærður er hann til refsingar samkvæmt 3. og 5. gr. laga nr. 5/1920,

sbr. lög nr. 5/1951, til upptöku afla og veiðarfæra togarans og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1. október 1924 í Ostende. Hinn 6. desember 1954 var hann í saka-dómi Vestmannaeyja dæmdur í 75.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands fyrir botnvörpuveiðar innan fiskveiðitakmarkalínunnar og afli og veiðarfæri togarans, sem hann var þá með, gerð upptæk. Þessi dómur var staðfestur í Hæstarétti 27. apríl 1955. Að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu hér á landi.

Miðvikudaginn 15. þ. m. var varðskipið Þór á eftirlitsferð vestur með Tvískerjum. Kl. 14.21 miðuðust Tvísker í réttvísandi 136° frá varðskipinu, sigld stefna réttvísandi 226° . Kl. 14.43 var með ratsjá gerð eftirfarandi staðarákvörðun í varðskipinu: Ingólfshöfði, fjarlægð 8,8 sjómíllur og minnsta fjarlægð í land 3,3 sjómíllur. Þá miðaðist togari, sem reyndist vera Curie, O 88, í réttvísandi 206° , fjarlægð í togarann 5,5 sjómíllur, og var hann þá að snúa út frá landinu. Kl. 14.47 var með ratsjá gerð eftirfarandi staðarákvörðun í varðskipinu: Fjarlægð að Ingólfshöfða 8,1 sjómíla og minnsta fjarlægð í land 3,2 sjómíllur, dýpi 83 metrar. Miðaðist þá togarinn í réttvísandi 203° , fjarlægð 4,8 sjómíllur, sem gefur stað hans 1,0 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Var togarinn þá að enda við að snúa út frá landi. Hélt nú varðskipið beina leið að honum. Kl. 14.54 var sett upp stöðvunarmerki á varðskipinu. Kl. 15.08 sáust frá því togvírar á stjórnborðshlið togarans. Kl. 15.13 var skotið aðvörunarskoti. Kl. 15.14 var sett út dufl rétt við togvíra togarans, sem var með stjórnborðsvörpu úti. Síðan var skotið tveimur skotum. Kl. 15.38 byrjaði togarinn að vinda inn vörpu sína. Þá var settur út bátur frá varðskipinu og ákærði, skipstjóri togarans, sóttur, honum bent á, að hann hefði verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, en hann mótmælti, að svo væri.

Síðan var í viðurvist ákærða gerð með ratsjá eftirfarandi athugun við duflið: Fjarlægð í Ingólfshöfða 7,1 sjómíla og fjarlægð í Salthöfða 8,4 sjómíllur. Að því búnu var ákærði fluttur yfir í togarann og síðan haldið til hafnar. Veður var ANA 4—5 og sjór S 3. Slydduéljaveður var og svo slæmt skyggni til landsins, að eigi var unnt að gera hornamælingar.

Mælinguna kl. 14.43 gerðu skipherra varðskipsins og III. stýrimaður, mælinguna kl. 14.47 gerðu skipherra og allir þeir stýrimenn varðskipsins og mælinguna við duflið skipherra og I. stýri-

maður. Allir hafa stýrimennirnir og skipherrann staðfest skýrslur sínar með eiði.

Það er viðurkennt af ákærða og stýrimanni togarans, Charles Wijllie, að togarinn hafi verið að veiðum með stjórnbörðsvörpu á þeim tíma, sem að framan er greindur. Hins vegar hefur ákærði eigi viðurkennt að hafa verið á þeim tíma innan fiskveiðitakmarkanna. Ákærða og stýrimanni togarans ber saman um, að rúmri klukkustund áður en varðskipið stöðvaði togarann, hafi hann verið á 50 eða 52 faðma dýpi, togað upp að landinu og Ingólfshöfðaviti verið í stefnunni NW $\frac{1}{2}$ W. Fór þá ákærði niður að sofa og fól stýrimanninum stjórn togarans. Mælti hann svo fyrir, að togað yrði í óbreytta stefnu að 48 faðma dýptarlínu og síðan í vestur til suðurs, unz Ingólfshöfðavitinn væri í NW $\frac{1}{2}$ N, en þá yrði snúið á stjórnbörða í SSA. Eftir þessum fyrirmælum telur stýrimaður sig hafa farið, en aldrei gerði hann staðar-ákvörðun eða mældi fjarlægð togarans frá landi, enda kveðst hann ekki hafa getað það, þar sem ratsjá togarans var ónýt. Hann kvaðst ekki haft heyrt nema tvö skot frá varðskipinu og eigi hafa tekið eftir því, fyrr en hann heyrði fyrra skotið. Þá lét hann vekja ákærða, sem kom þá á stjórnvall, en stuttri stundu síðar nam togarinn staðar. Síðast sigldi togarinn SSA, en óvíst hve lengi. Ákærði gerði engar staðarmælingar á þeim tíma, sem skýrsla varðskipsins nær til, að því undanteknu, að hann var viðstaddur miðanirnar við duflið. Hefur hann og upplýst, að ratsjá togarans hafi verið biluð og óvirk og sextant hafi enginn verið í togaranum.

Með áður nefndum eiðfestum skýrslum skipherra og stýrimanna varðskipsins er sannað, að togarinn var innan fiskveiðitakmarkalínunnar að botnvörpuveiðum, enda eru veiðarnar viðurkenndar af ákærða. Hefur ákærði því gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og ber að ákveða honum refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, en þar sem eigi er sannað, að brotið sé framið af ásettu ráði, verður honum eigi dæmd fangelsisrefsing fyrir það samkvæmt 5. gr. laga nr. 5/1920.

Þar sem um ítrekað brot er að ræða, þykir refsing ákærða með tilliti til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu og stærðar togarans, sem er 219.95 brúttó rúmlestir, hæfilega ákveðin 90.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 9 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Auk þess skal allur afli og veið-

arfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Curie, O 88, vera upptæk til handa sama sjóði.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hdl. Ágústs Fjeldsteds, kr. 1000.00.

Dóm þenna kveða upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónsson og Pétur Björnsson skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Maurice Brackx, greiði 90.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 9 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Curie, O 88, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hdl. Ágústs Fjeldsteds, kr. 1000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. janúar 1958.

Nr. 152/1956. **Einar Jónsson** (Ágúst Fjeldsted hrl.)

gegn

Guðrúnu Kristjánsdóttur

(Áki Jakobsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m., krefst þess aðallega, að hann verði algerlega sýknadur og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Til vara gerir hann þá kröfu, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og að hvorum aðilja verði dæmt að bera kostnað sinn af málinu